

Reykjavík, 3. desember 2013.

Umsögn um mál 88 á löggjafarþingi 2013-14.

Vinafélag Vestur-Sahara er nýlega stofnuð samtök áhugafólks um málefni þessa hernumda landsvæðis hér á landi. Félagið starfar náið með sambærilegum norrænum samtökum.

Stjórn Vinafélags Vestur-Sahara fagnar framkominni þingsályktunartillögu, sem í raun felur aðeins í sér hvatningu til utanríkisráðherra að tala með virkum hætti á alþjóðavettvangi fyrir þeirri stefnu sem Ísland aðhyllist nú þegar í málinu. Líkt og fram kemur í greinargerð ályktunarinnar, hafa Íslendingar lengi lagt áherslu á það í utanríkisstefnu sinni að sjálfsákvörðunarréttur smáþjóða sé virtur, sem og yfirráð þeirra yfir auðlindum sínum.

Enginn vafi er á því að hernám Marokkóstjórnar í Vestur-Sahara er lögleysa, enda var tilkalli Marokkó til Vestur-Sahara hafnað afdráttarlaust af Alþjóðadómstólnum í Haag árið 1975. Einnig er ljóst að alþjóðleg samstaða hefur verið um það frá árinu 1963 að líta á Vestur-Sahara sem nýlendu þar sem að íbúar hafa ekki enn fengið að taka ákvörðun um eigin framtíð.

Ítrekaðar tilraunir Sameinuðu þjóðanna til að miðla málum hafa brostið vegna ósveigjanleika ráðamanna í Rabat. Einnig hafa tilraunir til að efla umboð friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. að bæta við eftirliti með stöðu mannréttinda ítrekað strandað á fyrirstöðu franskra stjórnvalda.

Mýmargar skýrslur mannréttindasamtaka hafa á liðnum árum sýnt fram á alvarleg mannréttindabrot sem framin hafa verið á Sahrawi-þjóðinni, sem hefst að mestu við landlaus í flóttamannabúðum í Alsír. Sterkar vísbendingar eru sömuleiðis um stórfellda rányrkju á auðlindum þeim sem með réttu ættu að tilheyra innfæddum íbúum landsins. Nú eru vísbendingar um að olfu sé að finna fyrir ströndum Vestur-Sahara. Reynist það raunin, má búast við að Marokkóstjórn herði enn tókin í landinu.

Það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir smáþjóð eins og Ísland að það skuli vera látið afskiptalaust af þjóðum heimsins að stórþjóð eins og Marokkó skuli leggja undir sig smáþjóð eins og Vestur-Sahara, í trássi við öll alþjóðalög og alþjóðastofnanir, á hnefaréttinum einum saman.

Að framsögðu má ljóst vera að Vinafélag Vestur-Sahara mælir eindregið með samþykkt þingsályktunartillögunnar og að utanríkisráðuneytið láti í kjölfarið málið til sín taka með rösklegum hætti.

F.h. stjórnar Vinafélags Vestur-Sahara:

Ragnar Hjálmarsson
Stefán Pálsson
Þórir Hrafn Gunnarsson